

Forsætisráðuneytið

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 26. ágúst 2025

Umsögn Rannsóknaseturs skapandi greina

um Áform um atvinnustefnu Íslands til 2035, mál nr. S-144/2025

Rannsóknasetur skapandi greina fagnar framlagningu áforma um atvinnustefnu Íslands til 2035 og telur að um mikilvægt skref sé að ræða í átt að markvissari stefnumótun í atvinnumálum. Í umsögn þessari eru settar fram athugasemdir og svör við þeim spurningum sem fram koma í samráðsgögnum.

Í inngangsdrögum að nýrri atvinnustefnu leggur ríkisstjórnin áherslu á að til verði tíu ára vaxtaráætlun, með sérstaka áherslu á greinar sem hafa burði til mikils vaxtar og verðmætasköpunar. Menning og skapandi greinar hafa þá sannarlega og því hvetur Rannsóknasetur skapandi greina til þess að þær verði skilgreindar sem áherslusvið í atvinnustefnu Íslands til 2035. Skapandi greinar eru bæði vaxandi útflutningsgrein með háa framleiðni og lykilþáttur í nýsköpun, samfélagslegri velferð og alþjóðlegri ímynd Íslands. Þannig er brýnt að skapandi greinar verði viðurkenndar sem skilgreindur hagaðili að atvinnustefnunni og eigi fulltrúa í atvinnustefnuráði.

Það vekur athygli Rannsóknaseturs skapandi greina að í inngangsdrögum að nýrri atvinnustefnu er aðeins er talað um hugverkaiðnað en ekki um skapandi greinar. Mikilvægt er að hugtakið skapandi greinar sé notað í stefnumótun og opinberri miðlun. Samkvæmt Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins, eru menning og skapandi greinar skilgreind atvinnugrein sem byggir ekki síst á hugverkum sem skapast í tónlist, ritlist, kvikmyndum, myndlist, leikhúsi og tölvuleikjum. Allir þessir geirar skapa mikil fjárhagsleg verðmæti og í þeim felast mikil útflutningstækifæri eins og framúrskarandi árangur íslenskra listamanna og framleiðslufyrirtækja hefur sýnt fram á undanfarna áratugi. Þá búa skapandi greinar ekki aðeins til verðmæti í eigin rétt heldur auka jafnframt virði annarra íslenskra vara og þjónustu. Það er engin tilviljun að menning og skapandi greinar eru linnulaust notaðar til að kynna Ísland, íslenska framleiðslu og þjónustu. Íslenskur fiskur hefur meira markaðsvirði vegna tengingar við íslenska menningu, og traust á íslenskum vörumerkjum byggist á hugmyndum

sem verða til í gegnum listir, menningu og skapandi greinar. Ný atvinnustefna verður einfaldlega að horfa ekki eingöngu á vöxt greinanna sjálfra heldur möguleika þeirra á að hafa margföldunaráhrif fyrir aðrar greinar. Menning er ekki aukaatriði heldur sjálfur grundvöllur þess að hér sé blómlegt samfélag.

Góð stefnumótun byggir á gögnum og traustum rannsóknum. Því miður hefur atvinnulíf menningar og skapandi greina, og framlag þess til samfélagsins, lítið verið rannsakað hér á landi. Mikilvægt er að stjórnvöld geri sér grein fyrir að hefðbundnir mælikvarðar og opinberar hagtölur ná misvel utan um ólíkar atvinnugreinar. Menning og skapandi greinar eru til að mynda dreifðar milli flokka í mörgum lykilmælikvörðun og því er nauðsynlegt að efla grunnrannsóknir og þróa sértækar aðferðir við gagnaöflun og úrvinnslu til að tryggja að umfang og áhrif þeirra komi skýrt fram.

Svör við spurningum

1. *Hver ættu helstu markmið og lykilmælikvarðar að vera varðandi þróun atvinnulífs næstu tíu ár?*

Atvinnustefna Íslands felur fyrst og fremst í sér stefnumótun og markmiðasetningu sem verður að byggja á traustu stöðumati og skýrum skilningi á getu og þörfum samfélagsins. Hún þarf að vera **metnaðarfull og miða að aukinni velsæld, fjölbreyttum og vel launuðum störfum, sterkum innviðum, frelsi og góðu lífi í grænu og skapandi landi**. Auk þeirra markmiða sem nefnd eru í áformunum leggur Rannsóknasetur skapandi greina áherslu á eftirfarandi: **Markmið um stefnumótun og greiningu:** Að grunnrannsóknir um atvinnulífið verði efldar og mælikvarðar bættir svo þeir endurspegli raunverulegt umfang og áhrif atvinnugreina. **Markmið um vöxt og sjálfbærni:** Að atvinnulífið vaxi í samræmi við loftslagsmarkmið. **Markmið um vinnumarkað:** Að byggja á og efla fjölbreyttan veruleika vinnumarkaðarins og auka áherslu á þekkingaruppbyggingu og símenntun. **Markmið um alþjóðlega samkeppnishæfni:** Að efla útflutning á hugverki, menningu og skapandi vörum og þjónustu.

2. *Til hvaða aðgerða geta stjórnvöld gripið til að efla útflutning, fjölga vel launuðum störfum og auka framleiðni vinnuafls næstu tíu ár?*

Stefnumótun og greining: Skilgreina þarf menningu og skapandi greinar sem sérstakt áherslusvið í atvinnustefnu Íslands til 2035. Mikilvægt er að nota hugtakið skapandi greinar og byggja á traustum rannsóknum og gögnum sem fanga raunverulegt umfang og áhrif ólíkra atvinnugreina.

Vöxtur og sjálfbærni: Styrkja þarf atvinnugreinar sem geta vaxið án aukinnar kolefnislosunar, t.d. stafræna þjónustu, hugbúnað, hönnun, menningu og skapandi greinar. Allt atvinnulíf verður að þróast með hliðsjón af loftslagsmarkmiðum og sjálfbærni.

Vinumarkaður og þekkingaruppbygging: Byggja þarf atvinnustefnu á raunverulegri mynd vinnumarkaðarins þar sem sjálfstætt starfandi, verktakar og fólk í blandaðri starfsemi eru sífellt stærri hópur. Þá er ört vaxandi hlutur óstaðbundinna starfa og fjarvinnu, sem eykur sveigjanleika og möguleika til að starfa á erlendum markaði. Þekking, kunnátta og innviðir þurfa að styrkjast með markvissum stuðningi við sprotafyrirtæki og einstaklinga.

Stuðningur og stjórnsýsla: Nauðsynlegt er að auka aðgengi fjölbreyttari fyrirtækja að opinberum rannsókna- og þróunarsjóðum, bæta fyrirsjáanleika úthlutana með lengri samningum og draga úr stjórnsýslulegu álagi á sprotta- og lítil fyrirtæki. Þá þarf að tryggja að virðisbætur sé nýtt innanlands þannig að verðmæti og störf skapist hér á landi en ekki einungis erlendis.

Alþjóðleg samkeppnishæfni: Vinna þarf samkvæmt markvissri útflutningsstefnu sem nær til fleiri greina en hefðbundins hrávöruiðnaðar og styður við hugverk, skapandi greinar og stafræna þjónustu. Sérstaka áhersla þarf að leggja á aukinn vöxt og skalanleika, alþjóðlega markaðssókn og markaðssetningu sem eflir útflutning íslenskrar menningar og hugvits.

3. *Hvaða útflutningsgreinar, þar sem framleiðni vinnuafls er há og loftslagsáhrif eru takmörkuð, geta vaxið mest á næstu tíu árum og náð árlegum útflutningi sem nemur tugum milljarða króna?*

Út frá alþjóðlegri þróun og styrkleikum Íslands má ætla að menning og skapandi greinar verði meðal þeirra útflutningsgreina sem geta vaxið mest á næstu tíu árum. Þetta eru atvinnugreinar þar sem framleiðni vinnuafls er há, kolefnisspor lítið og tekjumöguleikar byggja á hugverkarétti og skalanleika. Sérstaklega má nefna: **Tónlist, hönnun, myndlist og kvikmyndagerð** sem þegar hafa sýnt fram á getu til að skapa tugmilljarða útflutningstekjur með stökum verkefnum, listamönnum eða framleiðslum. **Leikir, stafrænar sögur og gagnvirk afþreying** hafa alla jafna viðskiptamódel sem eru alþjóðleg frá upphafi. **Útgáfa og bókmenntir** þar sem íslenskt efni hefur náð góðum árangri á erlendum mörkuðum.

Með markvissri stefnu um innviðaupbyggingu á þessu sviði og stuðningi við alþjóðlega markaðssókn og útgáfu er raunhæft að byggja upp stöðugan útflutning. Mikilvægt er að tryggja að listamenn og sprotar geti vaxið innanlands og að íslenskir aðilar haldi utan um hugverkaréttinn. Þá liggja frekari vaxtarmöguleikar í því að byggja upp alþjóðlega útgáfugetu og ný viðskiptamódel. Aðalatriðið er að þessi svið byggja á þekkingu, hugviti og listrænni sköpun sem er óháð landfræðilegum hömlum og krefst ekki mikilla hráefna eða orku. Með

rétu umhverfi geta þau náð árlegum útflutningi upp á tugi milljarða króna. Til þess að ná þeim markmiðum er mikilvægt að stjórnvöld tryggi að þekking, hugverkaréttur og fleiri liðir virðiskeðjunnar haldist innanlands. Það krefst aðgengis að rannsókna- og þróunarsjóðum, fyrirsjáanleika í opinberum úthlutunum, og stefnu um alþjóðlega skölun. Með því móti geta skapandi greinar orðið burðarás í fjölbreyttu og sjálfbæru útflutningskerfi Íslands til framtíðar.

Að lokum er rétt að geta þess að menningartengd ferðþjónusta skapar verulegar gjaldeyristekjur á Íslandi. Í nýrri ferðamálastefnu stjórnvalda sem stýrt er af atvinnuvegaráðuneyti er í fyrsta skipti fjallað um menningartengda ferðþjónustu og mikilvægi gagnaöflunar og rannsókna á þessu sviði. Í nýlegri Horizon studdri Evrópurannsókn sem nefnist IN SITU er dregið fram að menning og skapandi greinar leika lykilhlutverk í að efla atvinnulíf í landsbyggðum og þróa menningartengda ferðþjónustu sem bæði erlendir og innlendir ferðamenn njóta. Niðurstöður í nýlegum rannsóknum Vífils Karlssonar sem fer fyrir Rannsóknasetri um byggða- og sveitarstjórnarmál sýna jafnframt fram á að nýsköpun er mest í fyrirtækjum sem tilheyra menningu og skapandi greinum í landsbyggðum. Öflugur stuðningur við þróun á þessu sviði hefur að gera með eflingu starfa og búsetuskilyrða í landsbyggðum. Um leið og það ýtir undir mikinn vöxt og skapar gjaldeyristekjur hefur það líka að gera með sjálfsmynd þjóðar og varðveislu menningarverðmæta.

Virðingarfyllt,
f.h. Rannsóknaseturs skapandi greina,



Erla Rún Guðmundsdóttir, forstöðukona